



UPPBYGGINGARSJÓÐUR NORÐURLANDS VESTRA 2026



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA

UPPBYGGINGARSJÓÐUR NORÐURLANDS VESTRA

Tilgangur Uppbyggingarsjóðs er að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni á Norðurlandi vestra. Sjóðurinn er samkeppnissjóður og eru umsóknir metnar út frá þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2025–2029 og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Með samkeppnissjóði er átt við að samkeppni milli verkefna ræður úthlutun. Bestu verkefnin að mati úthlutunarnefndar hljóta brautargengi, að undangengnu formföstu ferli þar sem umsóknum eru gefin stig eftir útgefnu matsblaði.



Uppbyggingarsjóður starfar á grundvelli Sóknaráætlunar Norðurlands vestra, sem er sameiginlegt stefnuskjal landshlutans og leiðarljós til fimm ára í senn. Ný Sóknaráætlun fyrir árin 2025–2029 tók gildi árið 2025. Undanfarin ár hefur umsóknum í Uppbyggingarsjóð fjölgað verulega og verkefnin orðið bæði fleiri og öflugri. Sú þróun er afar jákvæð, enda hefur hún veruleg áhrif á samfélagið og atvinnulífið á svæðinu. Með nýbreytni, aukinni virðissköpun og stöðugri framþróun skapast tækifæri til að byggja áfram á styrkleikum landshlutans og auka fjölbreytni til framtíðar.

Atvinnuráðgjafar SSNV á sviðum fyrirtækja, ferðamála, nýsköpunar og menningar eru með fasta viðveru á skrifstofum samtakanna á Hvammstanga, Blönduósi og Sauðárkróki. Þeir veita umsækjendum og styrkhöfum Uppbyggingarsjóðs faglega aðstoð, halda vinnustofur og námskeið og sinna leiðsögn eftir bestu getu.

Íbúar svæðisins eru hvattir til að kynna sér þau verkefni sem hafa hlotið styrk úr Uppbyggingarsjóði, sækja viðburði eftir því sem kostur er, fylgjast með atvinnu- og menningarlífi og ekki síst að hafa samband við ráðgjafa SSNV varðandi eigin hugmyndir og verkefni á mótunarstigi. Tækifærin eru til staðar og markmiðið er að halda áfram að efla blómlegar byggðir og öflugt atvinnulíf á Norðurlandi vestra.

*F.h. starfsfólks SSNV,
Sveinbjörg Rut Pétursdóttir,
framkvæmdastjóri*



Stjórn SSNV skipar sex manna úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra. Hlutverk úthlutunarnefndar er að leggja faglegt mat á umsóknir og veita þeim umsækjendum styrki sem hæst skora í mati hennar.

Úthlutunarnefnd

- Jóhann Albertsson, formaður
- Bjarni Gaukur Sigurðsson
- Hjörtur Smáráson
- Hugrún Sif
- Katharina Schneider
- Þórhildur M. Jónsdóttir

Starfsmenn úthlutunarnefndar eru Guðlaugur Skúlason og Berglind Björnsdóttir, starfsfólk SSNV.

Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra hefur lokið úthlutun þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar voru fyrir árið 2026. Til verkefna þessa árs hafa hafa því verið lagðir allnokkrir fjármunir í ýmiss konar störf og viðfangsefni í landshlutanum.

Alls bárust 100 umsóknir um styrki að upphæð rúmlega 228 milljónir króna en til úthlutunar voru 76.340.123 kr. Eftir skoðun og yfirferð úthlutunarnefndar hlutu 65 umsóknir brautargengi.

STYRKHAFAR

atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Úthlutunarnefnd metur allar umsóknir út frá stöðluðu matsblaði þar sem metið er t.d. hvort verkefni sé talið líklegt til atvinnusköpunar, fjölgunar starfa, að auka fagmennsku og fjölbreytni í störfum. Auk þess eru gæði og raunsæi umsóknar metin út frá markmiðum, fjárhagsáætlun og tengslum við Sóknaráætlun. Nefndin leggur til styrkuppþæð út frá samkeppnishæfi hvernar umsóknar. Alls hljóta 22 verkefni styrk að þessu sinni.

STYRKÞEGI

VERKEFNI

UPPHÆÐ

Framhugsun ehf.

Rabarbaron - Markaðssókn

3.000.000 kr.

Rabarbaron er nýsköpunarverkefni sem framleiðir rabarbara í myrkvudu umhverfi og afurðir úr rabarbara með sérstöðu og einstökum bragðgæðum. Markaðssóknin felur í sér uppbyggingu vörumerkisins Rabarbaron, kynningu á hrávöru og þróun afleiddra matvæla í samstarfi við aðila í greininni. Með áherslu á sjálfbærni, nýnæmi og staðbundna verðmætasköpun er markmiðið að koma vörunni á markað, skapa störf og byggja undir vöxt til lengri tíma.

Ísponica ehf.

HringrásHús: Innovating Food Systems

2.500.000 kr.

This project expands Ísponica's circular food production by utilizing aquaculture waste alongside mushroom and snail cultivation. Located in a repurposed fish-processing facility in Hofsós, it integrates sustainability, rural innovation and international collaboration with experts from Inis Escargot (Ireland) and Main Brook Research and Development Corporation (Canada). The goal is to strengthen food security, resource use and knowledge exchange for rural communities in cold-climate regions.

Farskólinn-miðstöð

Frá matarhandverki til

3.000.000 kr.

símenntunar á

markaðar

Norðurlandi vestra

Verkefnið felur í sér að þróa og styðja smáframleiðendur í að umbreyta hugmyndum og handverksfærni í markaðshæfar vörur og þjónustu. Í boði verða sérhæfð námskeið og ráðgjöf um vörumerkjagerð, umbúðahönnun, markaðssetningu, gæðavottanir og samstarf við ferðaþjónustu. Lögð verður áhersla á að styðja við áframhaldandi starf smáframleiðenda sem hófu vegferð sína í matarhandverksnámi Farskólans, og að byggja upp net þeirra á svæðinu.

Arnrún Bára Finnsdóttir

Markaðssetning Rökkva

3.000.000 kr.

Retreat ehf.

Verkefnið felur í sér markaðssetningu Rökkva Retreat ehf. Gestir sofa undir stjörnuþjörtum himni og norðurljósum með útsýni yfir svarta sandfjöru og Húnaflóann. Sérstaða náttúrunnar í Húnabyggð verður lykil aþdráttarafl og úr verður einstök upplifunargisting sem tengir gesti beint við náttúruna og eflir atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Til að ná markmiðum þarf að fara í mikla uppbyggingu á svæðinu í innviðum og húsunum sjálfum, þróa vörumerki, smíða vefsíðu og markaðssetja fyrirtækið vel.

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
Sjávarlíftækni­setrið BioPol ehf.	Hatchery development for commercial seaweeds	4.000.000 kr.
The proposed hatchery will develop region-specific genetic lines of seedstock from Icelandic Laminariales collected around Iceland, gather additionally environmental data to be able to mimic the suitable habitat for artificial sporogenesis in the laboratory, followed by spore isolation, spore release, subsequent culturing of the gametophytes and seeding. In parallel, collected sporophytes will be analyzed for their biochemical composition to obtain region-specific quality baseline data.		
Sjávarlíftækni­setrið BioPol ehf.	Circular Mushroom Cultivation from Local Residues	1.500.000 kr.
Companies and horse owners currently pay for the disposal of cardboard and horse manure, while future seaweed farming in Northwest Iceland also generates waste that requires management. This pilot project aims to transform these waste streams into substrates for mushroom cultivation, repurposing them for productive use. The expected outcomes include demonstrating circular bio-resource use and strengthening the regional economy through innovation and sustainable employment.		
Elínborg Erla Ásgeirsdóttir	Breiðargerði garðyrkjustöð, móttökusvæði	1.250.000 kr.
Verkefnið gengur út á að standsetja móttökusvæði utandyra. Markmiðið er að geta tekið á móti hópum til kynningar, fræðslu og að geta boðið fólki að taka upp grænmeti sjálft gegn greiðslu. Svæðið verður afmarkað, þakið upphækkuðum beðum með góðu gönguplássi á milli þeirra.		
Elínborg Erla Ásgeirsdóttir	Vallhumall, óáfengur staðgengill freyðivíns	2.500.000 kr.
Verkefnið gengur út á að þróa uppskriftir óáfengra gæðadrykkja sem komið geta í stað freyðivíns og léttvíns við hátíðleg tilefni. Vallhumalsblóm mun leika þar aðalhlutverkið, grunnhráefnið í drykkjunum er vallhumalssíróp, en fleiri jurtum verður bætt við til að ná fram flóknari bragðtónum, tanninum og sýru. Verkefnið byggir á sterkum grunni vöruþróunar, ræktunar- og uppskerutilrauna og útlitshönnunar sem þegar hefur farið fram í tengslum við verkefnið "Vallhumall".		
LÓA Travel ehf.	Ferðir með leiðsögn um Norðurland vestra	3.000.000 kr.
Verkefnið felur í sér að þróa söluhæfa vöru sem er tilbúin á markað, pakkaferðir sem hægt er að hefja sölu á, strax á árinu 2026. Stefnt er að því að leggja áherslu á "hægari ferðalög", t.d. gönguferðir, hestaferðir, hjólaferðir osfrv. þar sem ferðast er td. um Norðurstrandaleið (Arctic Coast Way) með öðrum fararkosti en bílaleigubílum eða rútum. Litið er til fyrirmýnda t.d. á Írlandi og í Noregi, þar sem slíkar ferðir hafa gengið vel. Lögð er áhersla á að tengja útivist við menningu og sagnaarf.		

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
ahsig ehf.	Sögu- og sækeraferðir í Skagafirði	2.300.000 kr.
ahsig ehf. mun útbúa og bjóða uppá sögu- og sækeraferðir í Skagafirði allt árið. Í verkefninu felst að ferðamenn geti keypt heildarþakka af mismunandi ferðþjónustuaðilum á svæðinu og efla þannig svæðið í heild. Einnig er markmiðið að auðvelda ferðamönnum að eiga viðskipti við ferðþjónustuaðila á svæðinu.		
Extis ehf.	Þróun og nýsköpun í hestavöruhönnun	900.000 kr.
Sveifla mun rannsaka þarfir íslenskra hestamanna með virkum samræðum við tamningamenn og aðra hestamenn á svæðinu. Út frá niðurstöðum verða hannaðar og framleiddar prufugerðir af 3-4 nýjum vörum sem verða þolreyndar við raunverulegar aðstæður og verða klárar í fjöldaframleiðslu. Verkefnið mun styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækisins, auka vöruframboð og leggja grunn að langtíma vexti.		
Evelyn Ýr Kuhne	Nafna- og litabanki íslenska fjárhundsins	500.000 kr.
Verkefnið felur í sér að safna og miðla upplýsingum um liti og nöfn íslenska fjárhundsins. Teknar verða ljósmyndir af hundum með mismunandi litum og myndirnar birtar í gagnagrunni á fjarhundur.is og sýndar á Sögusetri íslenska fjárhundsins. Safnað verður nöfnum og merkingum þeirra á íslensku og ensku til að efla fræðslu, varðveislu og vitund um þjóðarhund Íslands.		
EIMUR	Sniglarækt - námsferð til Írlands	500.000 kr.
Verkefnið miðar að því að kynna sniglarækt sem vistvæna og nýskapandi hliðarþúgrein fyrir íslenska bændur. Með því að nýta glatvarma og lífræna hliðarstrauma er stefnt að framleiðslu sem byggir á sjálfbærni og fullnýtingu auðlinda. Verkefnið felur í sér fræðslu, rannsóknir og námsferð til Írlands þar sem þátttakendur fá hagnýta reynslu og innsýn í starfandi sniglabú. Markmiðið er að meta fýsileika ræktunar við íslenskar aðstæður og skapa ný tækifæri til verðmætasköpunar í dreifðum byggðum.		
Laufey Sunna Guðlaugsdóttir	Studíó Spinna	500.000 kr.
Stúdíó Spinna er smáfyrirtæki sem staðsett verður á bænum Lág múla í Skagafirði. Þar verða notaðar peysur og ullarflíkur teknar í sundur, garnið hreinsað, jafnvel litað og endurunnið í nýja vöru. Garnið verður selt bæði sem hráefni og í „garnþökkum“ með uppskriftum frá upprennandi hönnuðum undir merkjum Stúdíó Spinna. Markmiðið er að skapa sjálfbært og skapandi handverksverkefni sem dregur úr textílsóun, eflir atvinnu í sveit og tengir saman nýsköpun, menningu og sjálfbærni á Norðurlandi vestra.		

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
Evelyn Ýr Kuhne	Sögukrókurinn	320.000 kr.
Verkefnið snýst um að skapa huggulegt umhverfi á Sögusetri íslenska fjárhundsins, þar sem gestir geta hlustað á sögur og flett í gegnum bækur safnsins. Þetta krefst söfnunar, yfirferðar og úrvinnslu á sögum, sem verða þýddar og lesnar inn hljóðskrár. Markmiðið er að varðveita fjölbreyttar sögur, auka skilning og áhuga á þjóðarhúndinum, og hvetja gesti til að dvelja lengur og njóta safnsins. Verkefnið eykur afþreyingu fyrir gesti og styður við heilsársferðapjónustu.		
Brynleifur G Siglaugsson	Tónstígur í Hringverssskógi	1.000.000 kr.
Verkefnið snýst um að hanna, smíða og setja upp það sem þarf fyrir tónstígin. Í hönnuninni verður ákveðið hvaða hljóðfæri verði sett upp og hvar þau eigi að vera staðsett. Lögð verður áhersla á að hljóðfærin endurspegli sögu og menningu svæðisins. Gert er ráð fyrir að hluti af hljóðfærunum verði smíðuð fyrir þetta verkefni en önnur hljóðfæri (sem eru þegar til) verði útbúin þannig að þau þoli að standa úti allt árið um kring.		
EIMUR	Orkusamfélag Steingerðar	2.000.000 kr.
Verkefnið felur í aðalatriðum í sér fimm þætti: 1. Stofnun orkusamfélagsins 2. Vinnslu á grunnþáttum viðskiptaáætlunar 3. Heimsókn sænsks sérfræðings 4. Heimsókn fulltrúa þeirra bænda sem í orkusamfélagið ganga til Kalmar í Svíþjóð til að kynna sér sambærilegar lausnir 5. Samstarfsumleitanir við endursöluaðila á íslenskum smásölumarkaði metanorku.		
Örvar Birkir Eiríksson	Markaðsátak fyrir Selasetur Íslands - Selaskoðun í sýndarveruleika	405.165 kr.
Þrátt fyrir hagnað tvö síðustu ár er rekstur Selasetursins viðkvæmur og lítið má út af bregða hvað varðar ferðamenn og smávægileg fækkun þeirra gæti breytt hagnaði í tap. Með tilkomu selaskoðunar í sýndarveruleika í byrjun næsta árs eykst verulega aðdráttarafl og virði sýningar Selasetursins sem skilar sér í fleiri gestum og hærra miðaverði. En til þess að það raungerist þarf að koma þessari nýju vöru á framfæri með sterku markaðsátaki.		
Sjávarlíftæknisetrið BioPol ehf.	Living Crimson / Rauðbleikur	1.500.00 kr.
Traditional textile dyeing relies heavily on synthetic dyes, causing significant environmental harm, especially through water pollution. This collaborative project aims to address this issue by developing a sustainable natural red dye produced by non-pathogenic bacteria that have been isolated in Iceland. The red dye will be an addition to the purple bacteria-based dye that this collaboration previously has successfully developed. Thus, further expanding the color palette of natural dyes.		

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
-----------	----------	--------

Sigrún Davíðsdóttir	Saunasetrið	1.500.000 kr.
---------------------	-------------	---------------

Verkefnið Saunasetrið á Hvammstanga miðar að markaðssetningu og þróun heilsu- og vellíðunarseturs við hafið. Starfsemi hefur þegar hafist með prufuhópum og prófun á bókunarkerfi og seremóníum sem byggja á norrænni saunamenningu. Næstu skref eru uppbygging bókunar- og heimasíðu, gerð kynningarefnis, skiltagerð og lýsing á svæðinu. Verkefnið stuðlar að sjálfbærri ferðaþjónustu, eflir samfélagið og styrkir jákvæða ímynd Húnaþings vestra sem áfangastaðar vellíðunar og náttúruupplifunar.

Kaupfélag Skagfirðinga (svf.)	Sjálfbær nýting hliðarstrauma frá kjötvinnslu KS	3.000.000 kr.
Verkefnið felst í að rannsaka, hráefnagreina og þróa gæludýrafóður úr hliðarstraumum frá kjötafurdastöð KS. Markmiðið er að finna hagkvæmar og öruggar vinnsluaðferðir til að nýta næringarríka afurðir sem annars færu í urðun, brennslu eða væru seldar út sem ódýrt hráefni þar sem unnið er úr því verðmæti. Verkefnið stuðlar að sjálfbærni, minni sóun og aukinni verðmætasköpun í matvælaíðnaði.		

Esja Arkitektar ehf.	Sumarhús - einingahús Norðurlands	760.000 kr.
----------------------	--------------------------------------	-------------

Verkefnið felur í sér að þróa nýja vörulínu af sumarhúsum sem byggð verða í verksmiðju á Skagatrönd. Fyrirtækið Verk lausn ehf. hóf nýverið framleiðslu á einingarhúsum og verða fyrstu húsin afhent í byrjun árs 2026. Með verkefninu er ætlunin að auka við framboð af einingarhúsum með því að bjóða einnig sumarhús til sölu.

STYRKHAFAR

Menningar- og samfélagsverkefni

Í ár bárust 44 umsóknir um menningar- og samfélagsverkefni, sem gefur til kynna að svæðið bjóði upp á blómlegt og fjölbreytt menningarlíf. Við yfirferð umsókna er m.a. lagt mat á listrænt og menningarlegt gildi verkefnisins fyrir svæðið, hversu vel verkefnið falli að áherslum og markmiðum Sónarátætlunar Norðurlands vestra, líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum, gæði umsóknar með tilliti til verkefnalýsingar, rökstuðnings, skýrleika og raunsæis markmiða og fjárhagsáætlunar og hversu líklegt sé að verkefnið muni ná fram að ganga. Alls fá 35 menningar- og samfélagsverkefni styrk að þessu sinni.

STYRKÞEGI

VERKEFNI

UPPHÆÐ

Bókmenntir / fræðirit / margmiðlun

USVH

Húni 47. árgangur

400.000 kr.

Húni 46. árgangur kemur út, ef allt gengur að óskum, vorið 2025. Í ritinu verður margs konar fróðleikur úr héraði svo sem; viðtöl, frásagnir, greinar, ljóð, fréttapistlar frá hinum ýmsu svæðum í Húnaþingi vestra auk minningagreina um látna og fl.

Menningartengd ferðapjónusta

Halldór B Gunnlaugsson

Höfuðstaður huldufólks –
söfnun og skráning sagna

1.000.000 kr.

Verkefnið felst í því að safna saman og skrá sögur af huldufólki í Hegranesi, bæði úr rituðum heimildum og með munnlegri söfnun á hverjum bæ. Sögurnar verða varðveittar og gerðar aðgengilegar á vefsíðu sem helguð er þjóðtrú og huldufólki svæðisins.

Sögusetur íslenska
hestsins

Sögusetur íslenska hestsins á
Landsmóti hestamanna

1.000.000 kr.

Verkefnið felur í sér undirbúning, skipulag og kynningu á starfsemi Söguseturs íslenska hestsins á Landsmóti hestamanna 2026. Áhersla verður lögð á lifandi framsetningu og gagnvirk kynningarefni, sem endurspeglar fjölbreytta starfsemi setursins og eykur vitund um íslenska hestinn sem hluta af menningararfi þjóðarinnar. Kynningin verður hönnuð og skipulögð með það í huga að nýtast setrinu í áframhaldandi fræðslu, kynningum og sýningum í framtíðinni.

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
-----------	----------	--------

Oddur Sigurðarson

Gufuketill Norrönu -
dulmögnuð saga

500.000 kr.

Markmið verkefnisins er að safna og greina heimildir um strand gufuskipsins og sögu gufuketilsins sem hefur legið í fjörunni frá 31. október 1908, með það að leiðarljósi að varðveita og miðla menningararfi svæðisins. Verkefnið felur í sér að taka saman upplýsingar um skipið, uppruna þess, eigendur og smíði, greina heimildir og gögn og setja saman skýra frásögn af atburðarrásinni. Lokaafurðin verður aðgengilegur fræðslutexti á nokkrum tungumálum ásamt myndum, ætlaður fyrir upplýsingaskilti með QR-kóða sem vísar í frekara efni á vef og eykur þannig upplifun gesta og þekkingu á sögu staðarins.

Hólmfríður Dóra
Sigurðardóttir

Agnes líf, störf og skáldskapur

145.000 kr.

Verkefnið snýst um að sýna líf Agnesar á erfiðum tíma í sögu Íslands. Heidra og fjalla um líf hennar. Hingað til hefur mest verið fjallað um dauða hennar en ekki líf. Einnig er ætlunin að sýna líf fólks eftir Móðuharðindin og í klafa vistarbanda í bændasamfélagi þessa tíma. Margir listamenn munu gera verk um sögu Agnesar í fjölbreytt efni og túlka þannig þessa mögnuðu konu.

Ferðamálasamtök
Norðurlands vestra

Sagan okkar:
Fyrirtæki á Norðurstrandarleið

800.000 kr.

Sögur (e.storytelling) eru mjög vinsælar og áhrifaríkar í ferðaþjónustu í dag. Þessi aðferð er orðin að lykilþætti í markaðssetningu og upplifun gesta. Öll fyrirtæki á Norðurstrandarleið hafa sögu að segja. Að segja sögur af persónulegum tengslum við þetta einstaka svæði, hjálpar til að gæða Norðurstrandarleið lífi. Um það bil 10 fyrirtækjum á Norðurstrandarleið verða gerð góð skil. Farið verður á dýptina og sögu hvers fyrirtækis komið á framfæri á stafrænan hátt, bæði á ensku og íslensku.

Menningararfur / safnamál

Þorgrímur Ómar Tavsén**Vatnaveröld -
smábátasafn****1.500.000 kr.**

Sótt er um styrk fyrir þremur þáttum: Að ljúka vinnu við aðstöðuhús sem er stýrishúsið af Maríu Júlíu, fyrsta varðskipi Vestfirðinga, þar verður bæði salernis- og kaffiastæða. Einnig stendur til að vinna við skemmu sem hýsir innisafnið. Þar þarf að klæða loft og gólf í skemmu sem hýsir safnmuni sem ekki standa úti. Þá á að vinna að viðhaldi á bátum í eigu safnsins og verja þá fyrir veðri og vindum.

Húnabyggð**Vatnsdæla á Refli -
Stafræn Upplifun****1.800.000 kr.**

Verkefnið felur í sér að ljósmynda og stafræna 47 metra langan útsaumsrefil sem segir Vatnsdælasögu. Úr verður gagnvirk sýning á snertiskjá þar sem gestir geta skoðað refilinn, hlustað á upplestur Vatnsdælasögunnar, og fræðst um svæðið og sögu þess. Sýningin verður færanleg, aðgengileg og getur þannig nýst í bæði kennslu og kynningu á menningararfi svæðisins.

Húnaþing vestra**Ljóðaleið 2025****800.000 kr.**

Framleiða á sjö skilti með ljóðum eftir Eyrúnu Ingadóttur til að setja upp innan bæjar á Hvammstanga. Eitt ljóð verður á hverju skilti og verða þau öll sýnd á fjórum tungumálum, þ.e. íslensku, ensku, þýsku og frönsku. Skiltin verða sett upp á völdum stöðum meðfram gönguleiðinni sem er frá Kirkjuhvammi að Hvammstangahöfn.

Fornverk ehf.**Varðveisla og skjalfesting
torfhefða í Skagafirði****1.208.800 kr.**

Verkefnið miðar að því að varðveita og skjalfesta þá verkþekkingu sem tengist torfskurði í Skagafirði. Lögð er áhersla á að greina hvaða gróðurtegundir og jarðvegsskilyrði gefa til kynna torf af bestu gæðum til húsagerðar. Safnað verður gögnum um jarðveg, gróður, sýrustig (pH-gildi), raka og hitastig, með það að markmiði að þróa aðferð til að meta torf út frá ytri einkennum. Niðurstöður verða teknar saman í handbók og kynntar á sýningu, í rafrænu formi og í gegnum fjölmiðla og samfélagsmiðla.

Myndlist/ljósmyndalist

Golfklúbburinn Ós**Veggjalist í Vatnahverfi****346.358 kr.**

Golfvöllur GÓS í Vatnahverfi er hluti af ört vaxandi útivistarsvæði með gönguleiðum og skógrækt. Markmið verkefnisins er að fegra og endurnýja vélageymslu klúbbsins með metnaðarfullum vegglistaverkum eftir heimamenn, bæði fullorðna og ungmenni, og tengja þannig viðhald og listsköpun. Markmiðið er að efla ímynd svæðisins, bæta upplifun gesta og auka aðsókn á völinn. Verkefnið nýtir hæfni heimamanna, styrkir menningarlíf þar sem lítið er um sýnilega myndlist og skapar jákvæða umfjöllun.

Tónlist

Jóhann Daði Gíslason

Jólin heima

1.000.000 kr.

Jólatónleikarnir Jólin heima eru skagfirskir jólatónleikar sem færa jólaandann til fólksins í samfélaginu og auka menningarlegt gildi Skagafjarðar. Á tónleikunum koma fram tónlistarfólk alls staðar að úr firðinum okkar, en gildi þessara tónleika er að halda í skagfirska tónlistarhæfileika. Á tónleikunum verða spiluð jálalög bæði frumsamin og hin frægu jálalög sem allir kunna og geta sungið með. Þetta verður sjötta árið sem tónleikarnir verða haldnir.

Félag Áhugafólks um Íslenska Jaðartónlist

Norðanpaunk 2026

400.000 kr.

Norðanpaunk er grasrótartónlistarhátíð sem byggir á nýsköpun, sjálfbærni og öruggara rými fyrir öll. Meðan á hátíðinni stendur breytist Laugarbakki í samfélag þar sem listafólk og aðrir þátttakendur hátíðarinnar sameinast í að deila og njóta jaðartónlistar. Hátíðin leggur áherslu á að veita ungum, óvanalegum, íslenskum hljómsveitum brautargengi með aðstoð útvaldra erlendra gesta.

Karлакórinн Heimir

**Karлакórinн Heimir
Tónleikahald 2026**

200.000 kr.

Verkefnið felst í tónleikahaldi á Norðurlandi vestra á starfsvetrinum 2025–26. Um verður að ræða tónleika í Blönduóskirkju, sem ráðgert er að halda í febrúar 2026.

Sigurdís Sandra Tryggvadóttir

Bergmál fjallanna, tónar frá Norðurlandi vestra

500.000 kr.

Haustið 2026 verða haldnir þrennir útgáfutónleikar plötunnar Bergmál fjallanna / Echoes of the Mountains í Hvammstangakirkju, Blönduóskirkju og Miðgarði. Sigurdís hefur samið tónlistina, bæði verk með og án söngs, þar sem sönglögin eru við ljóð Jónasar Tryggvasonar. Á plötunni hljóma einnig tvö lög eftir Jónas sjálfan. Sigurdís Trio flytur tónlistina og býður íbúum að upplifa lifandi tónlist sem sprettur upp úr þeirra eigin landslagi og menningararfi. Aðgangur að tónleikunum verður ókeypis.

Skagfirski kammerkórinн

Skagfirski kammerkórinн

400.000 kr.

Á degi íslenskrar tungu, þann 16. nóvember, er sett saman dagskrá með kennara og nemendum 7. bekkjar Varmahlíðarskóla. Jólatónleikar verða haldnir í desember bæði á Blönduósi og Hólum og vortónleikar á sumardaginn fyrsta. Kórinн hefur lagt metnað í að halda Tónleika Dags íslenskrar tungu og jólatónleikana án aðgangseyris – aðeins er tekið við frjálsum framlögum til góðgerðarmála. Selt er inn á vortónleika kórsins.

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
Félag eldri borgara Húnaþingi vestra	Vor- og jólatónleikar 2026	400.000 kr.
Æfðar verða upp tvær söngdagskrár sem fluttar verða í Félagsheimilinu á Hvammstanga, Hvammstangakirkju eða á öðrum hentugum stað. Sú fyrri verður í apríl eða maí 2026 og sú síðari í desember 2026. Æft er vikulega með kórstjóra og meðleikara frá janúar til apríl og síðan september til desember. Tíðari æfingar eru þegar dregur nær tónleikum. Eins kemur kórinn fram við fleiri tilefni. t.d. á skemmtunum hjá félaginu og á degi aldraðra.		

Listhönnun

Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi	Sumarsýning/sérsýning Heimilisiðnaðarsafnsins	400.000 kr.
Markmið sumarsýningar Heimilisiðnaðarsafnsins er að auka fjölbreytileika í sýningarflóru safnsins ásamt því að auðga menningarlíf héraðsins. Í þetta sinn mun Hadda (Guðrún Hadda Bjarnadóttir) gefa okkur innsýn í fjölbreyttan listvefnað. Hadda er afar fjölhæf listakona og vinnur gjarnan verk sem hafa notagildi hvort sem um er að ræða vefnað, myndlist, handið eða ljósmyndun. Á þessari sýningu verða nær eingöngu ofin verk, myndvefnaður og verk unnin á venjulegn vefstól.		

Danslist

Menningarfélag Húnaþings vestra	Dansskóli Menningarfélags Húnaþings vestra	1.400.000 kr.
Verkefnið felst í reglulegu dansnámi fyrir börn og ungmenni á Hvammstanga þar sem kennt er einu sinni í viku í tíu vikur á hvorri önn, alls tvær annir á ári. Námið fer fram í Stúdío Handbendi og nær til nemenda á leik- og grunnskólaaldri. Kennslan fer fram undir handleiðslu reyndra og verðlaunaðra kennara og spannar fjölbreytta dansstíla, svo sem street, jazz, hip hop og söngleikjadans. Verkefnið eflir hreyfifærni, sjálfstraust og félagslega tengslamyndun barna og unglinga.		

Blönduð menningardagskrá

Skagafjörður

Indriði G. Þorsteinsson 100 ára

600.000 kr.

Indriði G. verður heiðraður með málþingi í Miðgarði á afmælisdegi hans, laugardaginn 18. apríl 2026. Þar verður fjallað um Skagfirðinginn, rithöfundinn, blaðamanninn og einstaklinginn Indriða. Flutt verða fræðileg erindi, lesið úr verkum hans og kvikmyndir byggðar á bókum hans sýndar. Jafnframt verður boðið upp á ferð með leidsögn um æsku- og söguslóðir Indriða og ferðapjónusta svæðisins tengd inn í viðburðinn. Einnig verður útbúið sögukort og nemendum grunn- og framhaldsskóla boðið á söfnin.

Rabarbarafélagið

Rabarbarahátíð í gamla bænum á

300.000 kr.

Blönduósi

Rabarbarahátíð í Gamla bænum á Blönduósi sameinar listir, hreyfingu og menningu undir þemanu rabarbari. Á dagskrá verða listasmíðjur, Samhjóll, matarmarkaður, fræðslugöngur og tónlist. Markmið er að efla samstöðu, sjálfbærni og jákvætt samfélag á Blönduósi og laða ferðamenn að svæðinu auk þess að skapa vettvang fyrir listamenn, framleiðendur og þjónustuaðila til að kynna og selja vörur og hugmyndir.

Skagafjörður

Hinsegin hátíð í Skagafirði

650.000 kr.

Hinsegin hátíð er ný menningar- og samfélagshátíð sem fer fram í fyrsta sinn árið 2026 í Skagafirði. Hátíðin er vettvangur fyrir öll til að koma saman, miðla reynslu, auka vitund og fagna fjölbreytileika. Um er að ræða hátíð sem eflir menningu og jafnrétti á svæðinu auk þess að auka sýnileika hinsegin samfélagsins í Skagafirði.

Byggjum upp Hofsós
og nágrenniBæjarhátíðin
Hofsós heim 2026

750.000 kr.

Hofsós heim er bæjarhátíð á Hofsósi dagana 18.-21. júní. Þá er fjölbreytt menningardagskrá í þorpinu og það fyllist af gestum. Fyrirtæki bjóða fram þjónustu sína, félagasamtök taka þátt í dagskránni með fjölbreyttum hætti og íbúar sameinast í hátíðarhöldum. Bæjarhátíð á Hofsósi á sér áratuga sögu og má alls ekki leggjast af enda er mikilvægi hennar fyrir sjálfsmynd íbúa gríðarleg, þorpið verður aðlandi og eftirsóknarvert að fara þangað.

Húnabyggð

Þrjónagleðin 10 ára 2026

600.000 kr.

Þrjónagleðin 2026 verður afmælishátíð þar sem mikil áhersla verður lögð á faglega og metnaðarfulla dagskrá. Námskeið og fyrirlestrar eru hryggjarstykkid í hátíðinni og mikilvægt að bjóða upp á það sem helst er að gerast í þrjónaheiminum. Garntorgið er hjarta hátíðarinnar með iðandi mannlífi, kaffihúsi og glæsilegu markaðstorgi. Þrjónatengdir viðburðir eins og sýningar, heimboð, þrjónamesa og kvöldvökur eru fastir liðir auk þess sem gestir geta heimsótt textíltengda starfsemi á Blönduósi.

STYRKÞEGI

VERKEFNI

UPPHÆÐ

Unglist í Húnaþingi

Eldur í Húnaþingi 2026

500.000 kr.

Eldur í Húnaþingi er árleg bæjarhátíð í Húnaþingi vestra sem hefur styrkt samfélagslíf svæðisins með því að efla samstöðu, menningu og sköpun íbúa. Hátíðin árið 2026 verður fjölbreytt, með viðburðum fyrir alla aldurshópa, þar á meðal tónleikum, listviðburðum, íþróttum, handverksmarkaði og afþreyingu fyrir börn. Samstarf við félagasamtök og fyrirtæki á svæðinu verður lykillinn að vel heppnaðri framkvæmd. Hátíðin stuðlar að aukinni þátttöku íbúa, jákvæðri umfjöllun um svæðið og hefur jákvæð áhrif.

Leiklist og aðrar sviðslistir

Leikfélag Sauðárkróks

Með fullri reisn

600.000 kr.

Verkefnið byggist á því að leikstjóri er ráðinn til að koma verkinu á svið. Í verkefninu taka þátt leikarar ásamt fjölda fólks sem kemur að uppsetningunni á einn eða annan hátt. Æfingatímabil stendur yfir í átta vikur með undirbúningsfundi og þá tekur við sýningatímabil í þrjár vikur. Til þess að verkið komist á svið þarf á æfingatímabilinu að æfa leikritið, vinna í leikmynd, leikmunum, búningum, sminki, leiklýsingu, ljósum, hljóðum, auglýsingum, markaðssetningu og miðasölu.

Leikflokkur Húnaþings vestra

Addams fjölskyldan

1.000.000 kr.

Verkefnið mun leiða saman frábæran og hæfileikaríkan hóp Húnvetninga sem í sameiningu munu setja upp söngleikinn Addams family. Verkið er frábrugðið fyrri verkum leikflokksins ef horft er til tónlistarinnar. Með söng, dans og leik mun hópurinn ná að töfra fram bæði fyndinn og dramantískan söguþráð beint til áhorfandans.

Handbendi

Hvammstangi International

1.900.000 kr.

Brúðuleikhús ehf.

Puppetry Festival 2026

Hvammstangi International Puppetry Festival er viðurkennt sem ein af tíu helstu menningarhátíðum á landsbyggðinni á Íslandi. Fimmta útgáfa hátíðarinnar er fyrirhuguð 26.-28. júní 2026. Hátíðin tekur á móti allt að sjö sýningarhópum frá öllum heimshornum, eða um 30 listamönnum, sem koma til Hvammstanga til að halda sýningar, námskeið fyrir börn og fullorðna, listamannafyrirlestra, blanda geði og efla tengsl innbyrðis og fá tækifæri til að hitta og vinna með áhorfendum þessa daga sem hátíðin stendur.

Anna Árnína Stefánsdóttir

Sögur Hringversskottu

400.000 kr.

Verkefnið snýst um að semja og setja upp útileikssýningu. Einleik þar sem markmiðið er að draga fram þjóðsögur svæðisins með lifandi miðlun. Sögusviðið er Hringversskógur, þar sem Hringversskotta tekur á móti gestum og segir þeim sögur, bæði af sér og öðrum. Einleikurinn verður sýndur á Sæluviku Skagfirðinga 2026.

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
-----------	----------	--------

Leikfélag Sauðárkróks **Blái hnötturinn** **800.000 kr.**

Verkefnið byggist á því að leikstjóri er ráðinn til að koma verkinu á svið. Í verkefninu taka þátt leikarar ásamt fjölda fólks sem kemur að uppsetningunni á einn eða annan hátt. Æfingartímabilið stendur yfir í átta vikur og þá tekur við sýningartímabil í þrjár vikur. Til þess að verkið komist á svið þarf á æfingartímabilinu að æfa leikritið, vinna í leikmynd, leikmunum, búningum, sminki, leiklýsingu, hljóðum, auglýsingum, markaðssetningu og miðasölu.

Fræðsla / námskeið

Farskólinn-miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra	Viðhald og miðlun matarhandverks á Norðurlandi Vestra	1.000.000 kr.
Verkefnið felst í að efla og viðhalda íslensku matarhandverki á Norðurlandi vestra með fræðslu og verklegum námskeiðum. Lögð er áhersla á að varðveita hefðbundna þekkingu, miðla henni milli kynslóða og tengja hana við nútímalega framleiðslu og sjálfbærni. Verkefnið styrkir samfélag, menningu og atvinnulíf á svæðinu.		

Skagafjörður **Grúsk-námskeið** **104.800 kr.**

Héraðsbókasafn og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga taka höndum saman og halda námskeið í grúski. Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja kynna sér uppruna sinn og umhverfi og grúska sér til ánægju. Með þessu móti gerum við íbúum svæðisins kleift að nýta sér þann mikla fróðleik sem söfnin hafa að geyma ásamt því að kenna þeim að nýta sér þá gagnagrunna sem finna má á netinu og hvernig þeir geta lagt sitt af mörkum við varðveislu á sögu samfélagsins sem þeir búa í.

Herdís Guðlaug R Steinsdóttir	Dagur Vísindanna á Skagastönd	400.000 kr.
Verkefnið Dagur Vísindanna býður nemendum unglingastigs Höfðaskóla að fræðast um tækni og vísindi á lifandi og skemmtilegan hátt með því að heimsækja vísindafólk sem leiðir nemendur í gegnum verkleg námskeið. Fyrsti Dagur Vísindanna verður haldinn vorið 2026 hjá BioPol á Skagaströnd með þemað "ósýnilegir heimar". Þar munu nemendurnir kynnst forritun og fræðast um svifþörunga. Markmið verkefnisins er að glæða forvitni, efla sjálfstraust og hvetja nemendur til frekara náms.		

Matvæli

Byggðasafn
Skagfirðinga

Matarkistan Skagafjörður

1.300.000 kr.

Verkefnið styrkir staðbundna matvælaframleiðslu í Skagafirði með því að hvetja og styðja framleiðendur við vöruþróun og nýsköpun. Matarkistan tengir saman framleiðendur og neytendur, stuðlar að auknum sýnileika á markaði og eykur sjálfbærni í matvælaframleiðslu. Með þátttöku á viðburðum á borð við Jólamarkað í Hörpu og Landbúnaðarsýninguna veitir Matarkistan framleiðendum vettvang til að kynna staðbundnar vörur á landsvísu. Verkefnið styður smáframleiðendur við að koma vörum á markað.

Málþing / ráðstefnur

Kakalaskáli ehf.

Kakaláþing

300.000 kr.

Í Kakalaskála hafa verið haldin málþing nánast árlega frá árinu 2013, í samvinnu við Árnastofnun, Háskóla Íslands og einstaka fræðimenn. Guðrún Ingólfsdóttir fræðimaður hefur skipulagt og stýrt þingunum. Mikill fengur er að slíku menningarstarfi á Norðurlandi vestra og hafa aðstandendur Kakalaskála stutt dyggilega við framtakið og lagt því til starfsfólk og húsnæði. Nú er lag að festa verkefnið frekar í sessi, enda enginn vafi á að málþingin hafa verið menningarlífi svæðisins mikil lyftistöng.

STYRKHAFAR

Stofn- og rekstrarstyrkir

Stofn- og rekstrarstyrkir eru veittir til safna, setra og listamiðstöðva á sviði menningarmála, séu stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga ekki leiðandi aðilar í rekstrinum. Meðal skilyrða sem söfn og setur þurfa að uppfylla til að þau komi til greina við úthlutun er að þau séu rekin með þeim hætti að opið sé fyrir ferðamenn a.m.k. júní, júlí og ágúst ár hvert, lágmark 4 klst. á dag, sex daga vikunnar. Listamiðstöðvar skulu taka á móti íslenskum og erlendum listamönnum til lengri eða skemmri dvalar árið um kring. Styrkur er ákvarðaður út frá þeirri upphæð sem óskað var eftir og með það í huga hvert listrænt og menningarlegt gildi viðkomandi reksturs er fyrir svæðið.

STYRKÞEGI

UPPHÆÐ

Verslunarminjasafnið á Hvammstanga

600.000 kr.

Sótt er um rekstrarstyrk til þess að styðja við rekstur Verslunarminjasafnsins Bardúsu sem staðsett er á Hvammstanga og standa straum af kostnaði, s.s. launakostnaði starfsmanna, fasteignagjöldum, hita, rafmagni, bókhaldskostnaði, viðgerðum á húsnæði og öðru tilfallandi. Verslunarminjasafnið ásamt Bardúsu, en svo nefnist handverkssalan, hefur verið opið yfir sumarmánuðina og nú síðustu ár frá maí til 15. október. Einnig er opið fjórar helgar fyrir jól, en annars er vetraropnun eftir samkomulagi.

Sögusetur íslenska hestsins

2.000.000 kr.

Verkefnið felur í sér rekstur og viðhald Söguseturs íslenska hestsins ásamt eflingu starfseminnar árið 2026 með tilliti til settra markmiða. Lögð verður áhersla á endurbætur á sýningum, hljóðleidsögn og fræðslu- og kynningarstarfi setursins. Unnið verður að markvissri uppbyggingu í samvinnu við stofnaðila og aðila í hesta- og ferðapjónustu. Með því styrkist grunnstarfsemi setursins og staða Hóla sem menningar- og fræðslumiðstöð íslenska hestsins.

Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi

1.600.000 kr.

Sótt er um rekstrarstyrk til stuðnings við rekstur Heimilisiðnaðarsafnsins. Safnið er viðurkennt safn sem starfar í samræmi við safnalög nr. 141/2011. Safnið þarf að uppfylla fjölmörg skilyrði bæði um eignarhald og ábyrgð í rekstri sem Safnaráð skilgreinir og metur. Eigandi safns skal tryggja safninu fjárhagsgrundvöll fyrir edlilega starfsemi þess smbr. ákvæði 1. mgr. 10 gr. safnalaga.

Selasetur Íslands

1.600.000 kr.

Þrátt fyrir hagnað tvö síðustu ár er rekstur Selaseturs Íslands viðkvæmur og lítið má útaf bregða hvað varðar ferðamenn og smávægileg fækkun þeirra gæti breytt hagnaði í tap. Blíkur eru á lofti með ferðamenn frá Bandaríkjunum á næsta ári, sem er einn af (ef ekki sá stærsti) gestahópur okkar. Því er nauðsynlegt að halda áfram að þróa SSÍ og tryggja tekjur þess með fjölbreyttum hætti.

STYRKÞEGI

UPPHÆÐ

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir

1.500.000 kr.

Markmiðið er að breyta og endurbyggja gömul útihús sem standa á jörðinni Syðri-Þverá í aðstöðu og sýningarsal fyrir ýmiss konar listasýningar, tónlistarviðburði og annars konar lista- og menningartengda atburði. Einnig verður þar aðstaða fyrir kaffi- og veitingasölu og salerni. Auk þess eru áform um að í hluta rýmisins yrði útbúið vinnurými, gistirými og aðstaða fyrir listamenn víða að sem gætu komið og dvalið á staðnum og unnið að listsköpun sinni allt árið um kring, þekkt sem listamannaresidens eða listamannaaðstaða.

Búminjasafnið Lindabæ

700.000 kr.

Markmið verkefnisins er að finna, kaupa, sækja, gera upp og varðveita gamlar dráttarvélar ásamt ýmsum tækjum sem þeim tilheyra. Jafnframt verður unnið að því að viðhalda og bæta sýningu á mjaltatækjum frá síðastliðinni öld. Á vorin verður sett upp sýning á þeim vélum og munum sem til eru, en hún verður tekin niður að nýju að hausti. Á opnunartíma safnsins verður gert ráð fyrir tveimur starfsmönnum í um það bil þrjá mánuði yfir sumartímann. Að lokum verður lögð áhersla á kynningu safnsins með það að markmiði að fjölga gestakomum.

Menningarfélagið Spákonuarfur

2.000.000 kr.

Menningarfélagið Spákonuarfur stendur að fjölbreyttri menningar- og fræðslustarfsemi sem tengist arfleifð Þórdísar spákonu á Skagaströnd. Þar er boðið upp á sýningu og söguleidsögn í Spákonuhofinu þar sem fjallað er um Þórdísi spákonu, sem getið er um í fjórum Íslendingasögum og þjóðsögum. Einnig er lögð áhersla á upplifunarferðamennsku undir yfirskriftinni Spár og spádómar, þar sem gestum er boðin fræðsla um spádóma og jafnframt spád fyrir þeim. Félagið veitir handverksfólki á svæðinu vettvang til að kynna og koma vörum sínum á framfæri og vinnur jafnframt að því að þjálfa upp sögufólk til að segja sögur og viðhalda sagnaarfinum. Auk þess annast félagið rekstur og viðhald húsnæðis og stendur fyrir annarri menningarstarfsemi, svo sem sýningum listamanna og öðrum tengdum viðburðum.

Kakalaskáli ehf.

2.000.000 kr.

Aðalmarkmið verkefnisins er að Kakalaskáli sé opinn og áhugaverður áfangastaður er miðlar sögu Sturlungaaldar (13. aldar) í gegnum sögu- og listasýningu með hljóðleidsögn, með kastljósi á sögu Þórðar kakala. Einnig að kynna útilistaverk Sigurðar Hansen, Svidsetningu Haugsnesbardaga, sem er í nágrenni Kakalaskála, en sá bardagi átti sér stað þann 19. apríl 1246. Kakalaskála er enn sem fyrr ætlað að vera hluti af menningarflórunni í Skagafirði og styðja við aðra áfangastaði í nágrenninu.

UPPBYGGINGARSJÓÐUR NORÐURLANDS VESTRA 2026



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA